 Kópavogsbær	Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um ofbeldi gagnvart barni	Vinnulýsing nr.	VLS-0404
		Svið	Menntasvið
		Deild	Allar deildir menntasviðs
		Höfundur	Salvör Þórisdóttir
		Hlekkir í tengd skjöl	VLS-0070 EBL046 EBL-0068

Tilgangur og umfang:

Tilgangur er að setja reglur um verklag og viðbrögð gagnvart starfsmanni vegna gruns um ofbeldi* gagnvart barni.

Ábyrgð:

Sviðstjórar mennta- og velferðarsviðs bera ábyrgð á að eftirfarandi vinnureglur séu kynntar öllum starfsmönnum sem reglurnar eiga um og ganga á eftir að þeim sé framfylgt.

Stjórnendur stofnana skulu tryggja að eftirfarandi vinnureglur séu kynntar starfsmönnum og að eftir þeim sé farið ef einhverjar þær aðstæður koma upp sem reglurnar fjalla um.

Starfsmenn stofnana eru ábyrgir fyrir að tilkynna sérhvert tilvik er falla undir reglur þessar. Starfsfólk stofnana Kópavogsbæjar skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi og gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Jafnframt skal starfsfólk gæta fyllstu þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu. Í stofnunum Kópavogsbæjar er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi eða annars konar óviðeigandi hegðun ekki liðið gagnvart börnum.

Áhætta

1. Þekkingarskortur
2. Óvönduð vinnubrögð
3. Óskýr ábyrgð
4. Skortur á skjölun


Lýsing:

1. Upphaf máls

Þegar stjórnanda berst tilkynning um ofbeldi starfsmanns gagnvart barni, eða grunur vaknar um slíkt, skal bregðast við strax. Sjá einnig „Verklagsreglur vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna“ ([VLS-0070](#)).

Stjórnandi leitar aðstoðar deildarstjóra viðkomandi deildar við vinnslu máls. Deildarstjóri leitar aðstoðar vinnuréttarlögfræðings þegar þörf er á. Stjórnandi skráir málið í „Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot – skráningarblað“ ([EBL046](#)), skipuleggur rannsókn málsins og heldur utan um gögn. Mikilvægt er að skrifa niður

* kynferðislegt, líkamlegt og andlegt ofbeldi

 Kópavogsbær	Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um ofbeldi gagnvart barni	Vinnulýsing nr.	VLS-0404
		Svið	Menntasvið
		Deild	Allar deildir menntasviðs
		Höfundur	Salvör Þórisdóttir
		Hlekkir í tengd skjöl	VLS-0070 EBL046 EBL-0068

upplýsingar um málsatvik, helstu ákvarðanir um meðferð máls og helstu forsendur ákvarðana.

2. Rannsókn máls

Ábyrgð og samráð


Stjórnandi stýrir rannsókn málsins en markmiðið er að upplýsa málið eftir bestu getu svo hægt sé að taka ákvörðun um hvort þörf sé á að grípa til aðgerða gagnvart starfsmanninum. Stjórnandi getur leitað aðstoðar næsta yfirmanns og hefur samráð við barnavernd ef þörf er á. Í sérstökum tilvikum kann að vera skynsamlegt að fá utanaðkomandi aðila, s.s. sálfræðings, til að stýra rannsókninni, en skal þá tryggja að það hafi ekki áhrif á málshraða. Leita ber samþykkis sviðsstjóra fyrir aðkomu utanaðkomandi aðila.

Viðvera starfsmanns á meðan rannsókn stendur

Stjórnandi tekur afstöðu til þess hvort ástæða sé til þess að afþakka vinnuframlag starfsmannsins tímabundið eða færa viðkomandi til, á meðan rannsókn stendur. Við mat á því skal horfa til aðstæðna hverju sinni, s.s. alvarleika brots, áhrif viðveru starfsmannsins á barnið, starfsemina eða sambærilegt og hversu líklegt að um brot sé að ræða (t.d. ef brot sést skýrt á myndbandsupptöku). Gæta þarf að meðalhófi við ákvörðunina, bæði gagnvart starfsmanni og barni. Þegar grunur er um kynferðisbrot eða annað mjög alvarlegt brot skal að jafnaði afþakka vinnuframlag starfsmannsins. Starfsmaður heldur launum sínum þegar vinnuframlag er afþakkað tímabundið. Huga skal að stuðningi við starfsmann á meðan leyfi stendur, s.s. veita sálfræðiþjónustu ef þörf þykir á og kanna líðan starfsmanns með reglubundnum hætti.

Upplýsingaöflun

Aflað er upplýsinga um hvað gerðist, hvar, hvenær og hvernig. Rætt er við barnið eða foreldra barnsins, starfsmenn og aðra þá sem að málinu koma, t.d. vitni. Ef þörf er að ræða við börn skal upplýsa foreldra um málið og eiga samvinnu við þá um aðkomu barns að

 Kópavogsbær	Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um ofbeldi gagnvart barni	Vinnulýsing nr.	VLS-0404
		Svið	Menntasvið
		Deild	Allar deildir menntasviðs
		Höfundur	Salvör Þórisdóttir
		Hlekkir í tengd skjöl	VLS-0070 EBL046 EBL-0068

málinu. Mikilvægt er að fá frekari upplýsingar frá barninu/foreldrum jafnvel þótt tilkynning um mögulegt brot hafi borist frá þeim.

Boðun starfsmanns

Þegar starfsmaður er boðaður á fund skal gæta að því að boða til fundar með hæfilegum fyrirvara og kynna viðkomandi tilefni fundarins. Ávallt skal bjóða starfsmanni að hafa einhvern með sér á fundinn, s.s. trúnaðarmann eða fulltrúa stéttarfélag. Stjórnandi afhendir starfsmanni gögn sem eru orsök fyrir boðun fundarins, s.s. kvörtunina eða útfyllt skráningareyðublað, og eftir atvikum önnur gögn sem fyrirhugað er að vísa til á fundinum.

Skráning upplýsinga

Stjórnandi skráir samtöl við alla aðila niður.

Miðlun upplýsinga

Foreldrar eiga að jafnaði rétt á öllum upplýsingum um barnið. Starfsmaður á að jafnaði rétt á öllum upplýsingum um sig. Ef þörf þykir á að takmarka aðgang þeirra að gögnum skal stjórnandi ráðfæra sig við vinnuréttarlögfræðing. Annað starfsfólk og foreldrar annarra barna eiga ekki rétt á upplýsingum um málið.


3. Stuðningur

Stjórnandi skal meta hvort þörf sé á stuðningi við barnið, foreldra, starfsmanninn og/eða starfsmannahópinn á meðan á rannsókn stendur.

4. Niðurstaða

Stjórnandi metur hvers eðlis málið er og kynnir málsaðilum niðurstöðu sína.

- a) Rannsókn málsins leiðir í ljós að háttsemin eða brotið telst þess eðlis að nægjanlegt sé að leiðbeina starfsmanninum og eða veita honum tiltal. Stjórnandi skal gæta þess að skrifa fundargerð og að hún sé undirrituð. Sjá eyðublað fyrir leiðbeinandi samtal ([EBL-0068](#)).

 Kópavogsbær	Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um ofbeldi gagnvart barni	Vinnulýsing nr.	VLS-0404
		Svið	Menntasvið
		Deild	Allar deildir menntasviðs
		Höfundur	Salvör Þórisdóttir
		Hlekkir í tengd skjöl	VLS-0070 EBL046 EBL-0068

- b) Rannsókn máls leiðir í ljós að háttsemin og eða brotið sé þess eðlis að beita skuli skriflegri áminningu. Sjá [leiðbeiningar](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppsagnir og áminningar.
- c) Rannsókn máls leiðir í ljós að tilvik fellur undir skilyrði viðkomandi kjarasamnings um fyrirvaralaus brottvísun. Sjá [leiðbeiningar](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga um uppsagnir og áminningar.
- d) Rannsókn máls leiðir til þess að ekki er þörf á að aðhafast frekar.

5. Niðurstöður kynntar foreldrum og starfsmanni

Stjórnandi skrifar skýrslu um vinnslu málsins, niðurstöðu og viðbrögð.

6. Eftirfylgni

Endurkomu starfsmanns til starfa skal undirbúa og veita viðeigandi stuðning þar sem þörf er á. Stjórnandi skal huga að því hvernig hægt er að vinna úr atvikinu, t.d. með sáttafundi með starfsmanni og foreldrum og/eða barni.